

Ed.

302. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur fallist á frv. þetta eins og hv. neðri deild hefir gengið frá

því, nema að því leyti, er tryggingarnar snertir. Þar vill nefndin gera nokkra breytingu.

Nedri deild hefir með samþykkt frv. lagt til, að tryggingarfjárhæðirnar væru hækkaðar margfalt á við það, er upphaflega var til ætlast, og er þó ekki lengra um liðið en eitt ár síðan lög þau voru sett, er hér á að breyta. Þó nefndin vilji ekki gera þetta að ágreiningsatriði að því er snertir fyrstu bifreið eða nokkrar hinar næstu, þykir henni þeim, sem eiga fjöldamargar bifreiðar, vera lögð óþarfliga þung tryggingarskylda á herðar með þeirri stighækkun trygginganna, er frv. gerir ráð fyrir, og þykir því hlýða, að sett sjeu nokkur takmörk.

Skadabótaskyldan hvílir eftir sem áður á slíkum bifreiðaeigendum, og auk tryggingarfjárhæðarinnar má ganga að eignum bifreiðaeigenda til greiðslu á skadabótakröfum, en hjá bifreiðaeigendum, sem eiga t. d. 20—30 bifreiðar, er um miklar eignir að ræða og því síður þörf á, að þeir hafi hverja einstaka bifreið trygða jafnt að tiltölu og þeir, sem aðeins hafa fáar bifreiðar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Tölunum í 1. málsg. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr. Í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr. og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðaeiganda eða fjelags þarf þó ekki að vera hærrí en 45000 kr.

Alþingi, 2. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.